

Mánudaginn 15. mars 1976.

Nr. 180/1974. **Hafnarberg h/f**

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Halldóri Halldórssyni og gagnsök

(Skúli J. Pálmason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson og prófessor Jónatan Þórmundsson.

Skipasala. Söluþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. október 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar 1975, áfrýjað málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. mars s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 220.000 krónur með 8% ársvöxtum frá 1. nóvember 1970 til 1. júní 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur ekki stefnt Magnúsi Magnússyni fyrir Hæstarétt.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Ekki verður talið, að lög nr. 47/1938 um fasteignasölu eigi við um skipasölu.

Í málinu er sannað, að fyrir tilstilli gagnáfrýjanda hófust samningaviðræður milli seljanda og kaupanda m/b Mímis. Þykir gagnáfrýjandi eiga þóknun fyrir þennan starfa sinn, þótt fullnaðarsamningar um kaup Smára s/f á bátnum væru gerðir fyrir atbeina annars aðilja. Telst þóknun þessi hæfilega ákveðin 80.000 krónur, sem aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda ásamt 7% ársvöxtum frá 15. janúar

1971 til 1. júní 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að óþarft var af héraðsdómara að kveðja samdómendur til dómstarfa í máli þessu.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Hafnarberg h/f, greiði gagnáfrýjanda, Halldóri Halldórssyni, 80.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 15. janúar 1971 til 1. júní 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 10. september 1974.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Halldór Halldórsson skipasali höfðað fyrir dóminum vegna einkafyrirtækis síns, Skipasölunnar og skipaleigunnar, Vesturgötu 3, Reykjavík, á hendur Magnúsi Magnússyni útgerðarmanni, Langeyrarvegi 15, Hafnarfirði, og Hafnarbergi h/f, Hafnarfirði. Málið var upphaflega höfðað gegn Magnúsi einum 20. mars 1971, en Hafnarbergi h/f sakaukastefnt á bæjarþingi 18. október 1973, þar sem mætt var af hálfu beggja hinna stefndu, fyrirtaka málsins samþykkt og málin sameinuð.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir að óskiptu til greiðslu á kr. 220.000 auk 8% ársvaxta frá 1. nóvember 1970 til 1. júní 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð, vextir ákveðnir 7% ársvextir og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir.

Seint á árinu 1970 seldi stefndi Hafnarberg h/f Smára s/f, Ólafsvík, vélskipið Mími, ÍS 30. Afsal var gefið út fyrir skipinu 15. janúar 1971, og var verð skipsins ákveðið kr. 11 milljónir. Stefnandi krefst 2% sölulauna af þeirri fjárhæð.

Stefndi Magnús er framkvæmdastjóri Hafnarbergs h/f og aðal-eigandi, en auk hans eru hluthafar í félaginu Jón Gíslason og kona hans, Bára Guðmundsdóttir, Hjörleifur Bergsteinsson og Magnús B. Magnússon, sonur stefnda.

Stefndi sat í stjórn félagsins ásamt Jóni Gíslasyni og Báru Guðmundsdóttur. Hann kveðst telja líklegt, að hann hafi verið stjórnarformaður. Félagar í Smára s/f voru Guðmundur Jensson, Haraldur Guðmundsson, Konráð Gunnarsson og Jónas Gunnarsson, allir í Ólafsvík.

Lögð hefur verið fram af hálfu stefnanda nr. 3 svohljóðandi yfirlýsing.

„SÖLUTILBOÐ.

Ég undirritaður Magnús Magnússon, Langeyrarvegi 15, Hafnarfirði, geri svohljóðandi sölutilboð í sambandi við vélbát minn, Mímír S.I. 30, sem talinn er 101 rúmllest með öllu, sem hann á nú og honum fylgir og fylgja ber. Kaupverðið skal vera kr. 12.500 milljónir og greiðist þannig. Í peningum við samning kr. 2.000.000.00. Kaupendur taka að sér að greiða sem sínar skuldir, er hvíla nú á skipinu. Fiskveiðisjóði—Atvinnujöfnunarsj. og handhafa bréf til fyrri eiganda, samtals kr. 3.600.000.00. Skaffa fasteignaveð fyrir kr. 3.000.000.00 til 10 ára, sem seljandi tekur gilt. Samþykkja veðskuldabréf að fjárhæð kr. 3.000.000.00 til 10 ára.

Ég hef kynnt mér ástand ofangreindrar eignar og sætt mig við hana í því ástandi, sem hún er.

Gangi ég frá ofangreindu tilboði, skuldbind ég mig til að greiða skipasölunni 2% af framangreindu kaupverði.

Rétta undirskrift

og dags. votta:

Reykjavík, 19

.....

.....

Ég undirrit. eigandi hinnar ofangreindu eignar, sem er til sölu hjá Skipasölunni Vesturgötu 5, Rvík, geng að ofangreindu tilboði, enda er eigninni rétt lýst hér að ofan.

Gangi ég frá samþykki mínu um sölu á fyrrgreindri eign minni, skuldbind ég mig til að greiða Skipa- og Verðbréfasölunni 2% af kaupverði þessu, er ég hef samþykkt.

Rétta undirskrift

og dags. votta:

Reykjavík, 6/10 1970

.....

Magnús Magnússon“.

.....

Yfirlýsingin er handskrifuð á eyðublað. Upphaflega hefur stað-

ið, að greiðast ættu kr. 3.000.000 við samningsgerð, en því hefur verið breytt í kr. 2.000.000.

Enn fremur hefur verið lögð fram svohljóðandi gagnkvæm yfirlýsing af hálfu stefnanda og þingmerkt nr. 4.

„KAUPTILBOÐ.

Ég undirrit..... S/F Smári, Ólafsvík, gerum svohljóðandi kauptilboð í vélskipið Mímir, IS 30, sem talinn er 101 rúmlest að stærð, með öllu, sem það skip á í dag, svo og öllu öðru, sem því skipi fylgir og fylgja ber. Kaupverð skipsins skal vera kr. 11.5 millj. og greiðist þannig:

1. Kaupendur taka að sér að greiða sem sínar skuldir öll lán, sem hvíla á skipinu í dag, sem er circa 3.5 millj.
2. Greiða í peningum við undirskrift á samningi kr. 2 millj.
3. Greiða með fasteignatryggðu veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 3 millj., sem seljandi tekur gilt og greiðist á 12 árum, 7% vextir.
4. Samþykkja veðskuldabréf, sem tryggt skal í skipinu til 7 ára, að fjárhæð kr. 3 millj. og greiðist með 7% vöxtum.

Skipið skal afhendast kaupanda í fullu ríkisskoðunarstandi eigi síðar en 1. desember 1970 12 ára lánið skal vera afborgunarlaust fyrstu 2 árin

Ég hef kynnt mér ástand ofangreindrar eignar og sætt mig við hana í því ástandi, sem hún er

Gangi ég frá ofangreindu tilboði, skuldbind ég mig til að greiða skipasölunni 2% af framangreindu kaupverði.

Rétta undirskrift

og dags. votta:

Reykjavík, 9/10 19

H. Halldórss.

Magnús Magnússon.

Ég undirrit..... S/F Smári, Ólafsvík, geng að ofangreindu tilboði, enda er eigninni rétt lýst hér að ofan.

Gangi ég frá samþykki mínu um sölu á fyrrgreindri eign minni, skuldbind ég mig til að greiða Skipa- og Verðbréfasölunni 2% af kaupverði þessu, er ég hef samþykkt.

Rétta undirskrift

og dags. votta:

Reykjavík, 9/10 1970

H. Halldórss.

pr. pr. s/f Smári

Guðm. Jensson,

Ólafsvík“.

Yfirlýsingin er að mestu leyti vélrituð á eyðublað, sams konar því eyðublaði, sem dskj. 3 er ritað á. Bæði í upphafi, fyrri og síðari hluta yfirlýsingarinnar hefur verið strikað yfir hluta af upphaflegum texta og handskrifað í staðinn s/f Smári, Ólafsvík. Enn fremur hefur kaupverð upphaflega verið skráð 12.500.000 og staðgreiðslufjárhæð 3.000.000, en hvoru tveggja verið breytt með rauðum penna í 11.500.000 og 2.000.000. Ákvæði í 3. tl. um lengd lánstíma hefur verið breytt úr 10 árum í 12 ár. Ákvæðið um, að 12 ára lánið skuli vera afborgunarlaust fyrstu 2 árin, er handskrifað.

Stefnandi kveður aðdragandann að undirritun yfirlýsingarinnar á dskj. nr. 3 hafa verið þann, að stefndi hafi komið á skrifstofu hans í september 1970 og beðið hann að annast um sölu á skipinu. Hann kveður Magnús oftast en einu sinni áður hafa beðið sig að annast sölu á þessu skipi, án þess að árangur yrði af því. Hann kveður hafa komið fyrir, að eftir að hann hafði útvegað kaupendur, hætti Magnús við að selja.

Hann kveður hafa verið ákveðið, að skipið yrði í sölu hjá sér og ekki annars staðar.

Stefndi Magnús skýrir svo frá atvikum, að stefnandi hafi hringt til sín og spurt, hvort hann væri að hugsa um að selja Mími. Hann kveðst hafa sagt já og nei, en að svo mikið mætti bjóða, að hann mundi selja. Hann kveðst hafa tekið fram, að báturinn væri í lagi og að ekki gæti orðið af sölu fyrr en að leigutíma loknum. Hann kveður stefnanda hafa sagt, að hann hefði kaupendur, sem mundu kaupa skipið fyrir 12.500.000.

Hann kveður stefnanda hafa spurt, hvort hann vildi koma inn eftir til sín daginn eftir. Hann kveðst hafa tekið fram við stefnanda, að Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður hefði með öll sín mál að gera og að hann yrði að ganga frá þessu máli að öllu leyti. Hann kveðst hafa farið daginn eftir á skrifstofu stefnanda. Þar kveður hann hafa verið fyrir væntanlega kaupendur, Sigurjón nokkurn Júlíusson og mann, sem hann man ekki nafn á. Hann kveður ekki hafa náðst samninga við þessa menn. Hann kveðst hafa undirritað dskj. nr. 3 á þessum fyrsta fundi með stefnanda. Hann kveður tölunni 3.000.000 hafa verið breytt í 2.000.000, eftir að hann undirritaði. Hann kveðst hafa haft samband við hluthafana Báru, Magnús og Jón og segir Jón hafa veitt samþykki sitt fyrirfram á, að hann gerði tilboð um sölu á skipinu.

Stefnandi kveðst hafa vitað, að skipið var eign hlutafélags.

Lögmaður stefnanda kveður ástæðuna fyrir því, að stefnandi

lét stefnda Magnús undirrita dskj. nr. 3, hafa verið, að Guðmundur Jensson, framkvæmdastjóri Smára s/f, muni hafa sett það skilyrði fyrir því, að eigendur sameignarfélagsins kæmu til viðræðna um kaup á m/b Mími, að stefnandi aflaði skriflegrar yfirlýsingar frá Magnúsi þess efnis, að skipið væri í sölu hjá stefnanda.

Af hálfu stefnanda er upphafi samskipta hans við Smára s/f lýst þannig, að fyrirsvarsmenn félagsins hafi komið á skrifstofu hans í lok septembermánaðar 1970 í því skyni að athuga með kaup á fiskiskipi, um það bil 100 rúmlestir að stærð.

Stefnandi kveðst þá hafa skýrt þeim frá m/b Mími og segir, að þeir hafi þegar í stað fengið áhuga á kaupum. Guðmundur Jensson segir, að hann hafi mætt ásamt félögum sínum í Smára s/f á skrifstofu stefnanda þann 5. október 1970 til viðtals. Þá kveður hann stefnanda hafa tjáð þeim, að Mímir, IS 30, væri til sölu. Konráð Gunnarsson kveður stefnanda hafa hringt vestur og skýrt frá því, að hann hefði Mími til sölu.

Samkvæmt gögnum málsins hafa stefndi Magnús og félagsmenn í Smára s/f farið til Þorlákshafnar og skoðað skipið þann 6. október 1970 og skrifað undir dskj. 4 á skrifstofu stefnanda eftir þá ferð og að því er virðist, eftir að stefndi Magnús hafði haft samband við meðstjórnarmann sinn í Hafnarbergi h/f í síma.

Stefnandi (sic) kveðst telja, að með þessu hafi ekki verið kominn á bindandi kaupsamningur, heldur hafi Smári s/f átt að hafa kauprétt að öðru jöfnu.

Eftir þetta fóru allar viðræður aðiljanna fram á skrifstofu lögmanns stefnda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns í Hafnarfirði, og annaðist hann um skjalagerð, útbjó kaupsamning, veðbréf og afsal. Enn fremur mun hann hafa samið við veðhafa.

Samkvæmt kaupsamningi, dags. 13. nóvember 1970, skyldi kaupverðið vera kr. 11.500.000 og útborgun kr. 500.000 við undirskrift kaupsamnings, kr. 500.000 15. desember 1970 og kr. 1.000.000 við afhendingu bátsins. En afhending bátsins og afsal skyldi fara fram í síðasta lagi 20. janúar 1971, en seljanda var heimilt að afhenda skipið fyrr, ef honum reyndist það mögulegt.

Kaupendur skyldu gefa út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 3.000.000, sem skyldi greiðast upp með 10 jöfnum árlegum afborgunum á næstu 12 árum, í fyrsta sinn tveimur árum eftir afhendingu skipsins. Enn fremur skyldu þeir gefa út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 2.334.330 til 8 ára. Þessi fjárhæð var lækkuð í kr. 1.834.320 í afsali og lánstíminn stytur í 6 ár.

Áður en að afsal var gefið út, fór fram 12 ára flokkunarskoðun

á skipinu að kröfu kaupenda, og var skipið þá mælt niður úr 101 smálest í 88 smálestir. Af þeim sökum var kaupverð skipsins lækkað um kr. 500.000.

Stefnandi kveður hafa verið ákveðið á viðræðufundi á skrifstofu Árna Grétars Finnssonar, að útborgun lækkaði úr 3.000.000 í 2.000.000, og kveður hann efalaust, að hann hafi breytt dskj. 3 í samræmi við það. Hins vegar telur stefnandi, að kaupverðið hafi verið ákveðið kr. 11.500.000, um leið og dskj. 4 var undirritað. Hann telur, að kaupverðið hafi lækkað í kr. 11.000.000 vegna þess, að stefnda hafi skort fé til að láta framkvæma þær viðgerðir, sem nauðsynlegar voru til að koma skipinu í ríkisskoðunarástand, eins og um var samið. Þessari staðhæfingu hefur eindregið verið andmælt af hálfu stefnda.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að þegar hann undirskrifaði dskj. 4, hafi kaupverðið verið ákveðið kr. 12.500.000 og útborgun kr. 3.000.000.

Í sakaukastefnu staðhæfir lögmaður stefnanda, að Smári s/f hafi skuldbundið sig til að kaupa skipið fyrir kr. 12.500.000. Stefndi Magnús kveðst telja, að tölunum kr. 12.500.000 og kr. 3.000.000 hafi verið breytt í kr. 11.500.000 og í kr. 2.000.000, eftir að hann undirritaði. Hann kvaðst ekki muna, hvort búið var að breyta lánstímanum úr 10 árum í 12 ár, þegar hann undirritaði, en kveður þó alltaf hafa verið talað um 10 ár. Hann kveðst telja einkennilegt, að hann skyldi ekki tala um Hafnarberg h/f í tilboði sínu.

Guðmundur Jensson telur breytingar á tölum á dskj. 4 hafa verið gerðar, áður en tilboðin voru undirrituð, enda hafi aldrei komið til, að þeir keyptu bátinn á hærra verði en kr. 11.000.000 og að útborgun væri kr. 2.000.000.

Stefndi Magnús kveður kaupendur hafa talað um kaupverð frá kr. 11.500.000 til kr. 12.500.000.

Guðmundur Jensson kveður Halldór sjálfan hafa breytt tölunum að aðiljum viðstöddum og með þeirra samþykki. Konráð Gunnarsson kveður kaupverðið hafa verið ákveðið kr. 11.500.000, þar af kr. 2.000.000 út í hönd. Hann segir, að tölunum hafi verið breytt við undirskrift.

Stefnandi var viðstaddur nokkra fundi á skrifstofu Árna Grétars Finnssonar, en afskiptum hans lauk með því, að lögmaðurinn vísaði honum á dyr, að því að hann telur að tilefnislausu. Lögmaðurinn telur, að ástæðan hafi verið sú, að of mikill tími hafi farið í deilur milli stefnanda og stefnda um sölulaun, og hann

kveðst hafa spurt sanningsaðilja, hvort stefnandi væri umboðsmaður þeirra, og fengið neikvætt svar, áður en hann vísaði stefnanda á dyr, en það mun hafa verið annað hvort, þegar gengið var frá kaupsamningi eða afsali. Á næsta fundi þar á undan hafði stefnandi komið með uppkast að afsali, en í því voru eftirstöðvar veðskuldar ranglega tilgreindar og ógetið skuldar að fjárhæð kr. 835.000 við handhafa.

Stefnandi kveðst hafa boðist til að semja við Fiskveiðasjóð. Hann kveðst hafa náð samkomulagi við sjóðinn um, að fiskveiðasjóðslán fengi að hvíla áfram á skipinu og að greiðslur, sem voru í vanskilum, frestuðust til gjalddaga á næsta ári; þannig kveðst hann hafa fengið samþykki Fiskveiðasjóðs til eigendaskiptanna.

Árni Grétar Finnsson kveður stefnanda hafa sagt sér, að hann hefði haft samband við Fiskveiðasjóð og gengið eitthvað frá láni þar. Hann kveður stefnanda hafa sýnt sér einhverjar tölur í því sambandi. Hann kveður þetta hafa verið, áður en hann gekk frá kaupsamningi. Hann kveðst sjálfur hafa farið á skrifstofu Fiskveiðasjóðs og fengið upp fjárhæð lánsins. Hann kveður hafa komið í ljós, að sú tala, sem stefnandi gaf upp, var ekki rétt, og kveðst hafa rætt um yfirtöku lánsins við þetta tækifæri. Hann kveður kaupendurna hafa endanlega gengið frá þessu máli við Fiskveiðasjóð.

Stefnda Magnúsi segist svo frá um upphaf samskipta hans við Smára s/f:

Stefndi kveðst hafa komið inn á Ólafsvík á m/b Guðrúnu. Hann kveður þá Konráð Gunnarsson hafa komið um borð og sagt við sig: „Þú vildir ekki selja okkur Mími“. Stefndi kveðst hafa sagt, að það hafi ekkert komið til greina. Hann kveður Konráð hafa spurt, hvort hann væri búinn að selja. Því kveðst hann hafa svarað neitandi. Þá kveður hann Konráð hafa sagt: „Þú selur kannski okkur?“ Hann kveðst hafa svarað, að ómögulegt væri að segja um það. Hann kveður Guðjón Frímannsson, vélstjóra á Guðrúnu, sem var viðstaddur, hafa sagt þá: „Kaupu bara bátinn af karlinum, þú færð góðan bát þar“.

Hann kveður hafa komið fram í samtalinu, að félagsmönnum í Smára s/f hefði verið sagt, að búið væri að selja bátinn og ganga frá kaupunum. Hann kveður ekkert hafa verið talað um þetta, fyrr en hann kom heim, þá kveður hann Guðmund Jensson hafa hringt til sín og farið að ræða um kaupin. Hann kveðst hafa vísað á Árna Grétar Finnsson. Síðar kveður hann Guðmund hafa hringt aftur og sagst ekki hafa getað náð sambandi við Árna.

Hann kveður Guðmund hafa beðið sig um að koma til viðtals hjá stefnanda. Hann kveðst hafa komið þangað, síðan kveðst hann hafa farið með þeim til Þorlákshafnar, eins og að framan greinir.

Vitnið Frímann Guðjónsson hefur komið fyrir dóminn og vitnað um viðræður stefnda Magnúsar og Konráðs Gunnarssonar í Ólafsvík. Hann kveðst ekki muna, hvenær þetta var. Hann kveðst hafa hitt Konráð á bryggjunni. Þegar Konráð sá Magnús, kveður vitnið hann hafa sagt: „Ætli Magnús sé búinn að selja Mími?“ Vitnið kveðst hafa neitað því og sagt: „Ætlar þú að fara að stækka?“ Hann kveðst síðan hafa sagt, að hann ætlaði að fara um borð og semja við Magnús. Hann kveður síðan hafa verið farið í borðstofu skipsins. Þar kveður hann Konráð og Magnús hafa rætt um kaup á Mími. Hann kveðst ekki hafa hlustað á hvert einasta orð, en heyrð Konráð segja: „Ég held, að það væri réttast, að ég keypti bara bátinn af karlinum“. Hann kveður sér hafa fundist eins og þeir væru að gera út um kaupin. Hann segir, að sér hafi fundist, að Konráð hefði sérstakan áhuga á að ræða við Magnús um skipið og kannast við, að hann hafi nefnt Guðmund Jensson í því sambandi.

Konráð Gunnarsson kveður þá féлага hafa vitað áður, að báturinn var til sölu, og segir, að Guðmundur Jensson hafi hitt Halldór áður og Halldór þá skýrt frá því, að hann hefði Mími til sölu. Vitnið telur, að þetta hafi gerst haustið 1970. Á svipuðum tíma kveðst hann hafa hitt Magnús um borð í Guðrúnu. Hann kveður hafa borist í tal, að Guðlaugur Guðmundsson og synir hans væru fyrir sunnan að falast eftir Mími. Hann segir, að Magnús hafi sagt, að hann kynni að selja bátinn. Hann kveðst hafa sagt, að þar fengi hann góða kaupendur, þar sem þeir feðgarnir væru.

Stefnandi kveðst hafa stundað skipasölu í 14 ár og ekki telja, að skipasala sé háð leyfi. Hann kveður Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmann vera lögfræðing sinn og Skipasölunnar og skipaleigunnar. Hann kveður Guðjón ekki hafa haft afskipti af þessari sölu.

Málsástæður.

Meginmálsástæða stefnanda er, að honum hafi verið falið að selja skipið og að honum hafi tekist að finna kaupanda og koma á bindandi samkomulagi milli aðiljanna. Fyrir það telur hann sér bera 2% sölulaun með hliðsjón af 2. mgr. 6. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu, samkvæmt venju og samkvæmt loforði stefnda.

Stefnandi kveðst hafa verið reiðubúinn til að inna af hendi öll þau störf, sem nauðsynleg voru til að ganga frá kaupunum, og

telur hann sig ekki hafa afsalað neinum rétti, þótt hann samþykkti, að stefndi fengi annan fasteignasala til að ganga frá skjölum.

Sérstaklega er á því byggt, að stefndi Magnús hafi skuldbundið sig persónulega til að greiða 2% sölubóknun.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að stefnanda hafi aldrei verið falið að selja skipið. Því er haldið fram, að yfirlýsingin á dskj. 3 sé marklaus, þar sem hún sé ekki gefin til ákveðins aðilja og ekki gefin út af réttum aðilja. Því er haldið fram, að bindandi kaupsamningur hafi ekki komist á með útgáfu dskj. 4, enda hafi langar samningaviðræður farið fram eftir það, áður en kaupin voru endanlega ráðin. Á það er bent, að dskj. 4 sé ekki gefið út af réttum seljanda.

Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekkert það unnið að kaupunum, sem hafi komið að gagni, og að skjöl þau, sem hann hafi útbúið, sýni, að hann sé ekki fær um að stunda skipasölu, enda hafi hann ekki réttindi til þess.

Lögmaður stefndu telur, að ákvæði 1. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu beri að beita með lögjöfnun um skipasölu.

Stefndi Magnús byggir sýknukröfu sína m. a. á aðildarskorti.

Álit dómsins.

Dómurinn ályktar, að þar sem ákvæði 1. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu sé undantekning frá grundvallarreglu, sem fram komi í 69. gr. stjórnarskrár nr. 33 frá 1944, sé ekki fært að álykta frá fyrrnefnda ákvæðinu með lögjöfnun um skipasölu.

Stefndi Magnús virðist hafa haft fullt umboð frá eiganda skipsins til þeirra ráðstafana, sem hann gerði, og stefnanda var ljóst, að stefndi Magnús kom fram sem umboðsmaður. Verður að líta svo á, að hann hafi undirritað dskj. 3 og 4 í umboði stefnda Hafnarbergs h/f, þótt þess sé ekki getið.

Ber því að sýkna stefnda Magnús af öllum kröfum stefnanda.

Telja verður, að leitt sé í ljós, einkum með dskj. 3 og dskj. 4, að stefndi Magnús hafi fyrir hönd stefnda Hafnarbergs h/f falið stefnanda að finna kaupanda að skipinu og koma á kaupum. Virðist því ljóst af dskj. 4, að stefnanda hafi tekist að koma kaupanda og seljanda saman og koma á bindandi samkomulagi um meginatriði kaupanna, þótt samningskjörin hafi breyst síðar vegna atvika, sem vörðuðu seljanda. Fyrir þetta ber stefnda Hafnarbergi h/f að greiða stefnanda þóknun. Með hliðsjón af 4. og 6. gr. laga nr. 47/1938, ákvæðum yfirlýsinganna á dskj. 3 og 4, því verki,

sem stefnandi leysti af hendi, og vinnubrögðum hans þykir þókn-unin hæfilega ákveðin kr. 110.000.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari, Benedikt Sveinsson hæstaréttarlögmaður og Jón Ingvarsson forstjóri.

Skúli J. Pálmason hæstaréttarlögmaður hefur farið með málið fyrir hönd stefnanda og flutt það munnlega.

Árni G. Finsson hæstaréttarlögmaður hefur farið með málið fyrir hönd stefndu. Flutti hann málið munnlega 27. júní 1974. Málið var endurupptekið og flutt að nýju 10. september 1974. Þá flutti það Benedikt Guðbjartsson héraðsdómslögmaður vegna Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Stefndi Magnús Magnússon skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Halldórs Halldórssonar. Stefndi Hafnarberg h/f greiði stefnanda, Halldóri Halldórssyni, kr. 110.000 auk 8% árs-vaxta frá 1. nóvember 1970 til 1. júní 1973, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000 í máls-kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að við-lagðri aðför að lögum.
